

Þinggerð 4. Karateþings 25. október 1987.

1. Karl Gauti Hjaltason, formaður KAI, setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna.
2. a) Kosinn þingforseti: Hannes Hilmarsson.
b) Kosinn þingritari: Gísli Pálsson.
3. Kosning í fastanefndir:
 - a) Kjörbréfanefnd: Elín Eva Grímsdóttir, Karl Gauti Hjaltason og Ævar Þorsteinsson.
 - b) Fjárhagsnefnd: David Haralds, Ævar Þorsteinsson og Árni Einarsson.
 - c) Laga- og leikreglanefnd: Jónína Olesen, Kristín Einarisdóttir og Þorsteinn Einarsson.
 - d) Allsherjarnefnd: Ágúst Österby, Karl Gauti Hjaltason og Sýlvía Gústafsdóttir.
 - e) Kjörnefnd: Gísli Pálsson, Gyłfi Skarphéðinsson og Reinharð Reinharðsson.
4. Karl Gauti Hjaltason, formaður KAI, flutti skýrslu stjórnar. Þá svaraði hann nokkrum spurningum fundarmanna um starf KAI á árinu. Síðan var skýrslan borin undir þingið og var hún samþykkt einróma.
5. David Haralds, gjaldkeri KAI, lagði fram reikninga sambandsins til samþykkis. Fór hann í helstu liði og útskýrði það sem hann taldi nauðsynlegt.

Sveinn Björnsson, forseti ÍSÍ, tók til máls og þakkaði góða ársskýrslu. Hrósaði hann gjaldkera fyrir glögga og auðlesna reikninga og sagðist sjaldan eða aldrei hafa séð reikninga setta fram á jafn auðlesinn hátt. Þá þakkaði hann einnig hlýleg orð í skýrslunni í garð ÍSÍ og hótelsins sem það rekur. Að lokum þakkaði hann fyrir gott samstarf á árinu, fyrir að fá að sitja ársþingið og óskaði KAI góðs gengis á komandi árum.

Karl Gauti tók til máls og svaraði nokkrum spurningum varðandi mótanefnd. Hann þakkaði einnig hlýleg orð Sveins Björnssonar í garð KAI.

Reikningar KAI voru að því loknu lagðir fram og samþykktir einróma.
6. Karl Gauti Hjaltason lagði til að breyting yrði gerð á dagskrá fundarins. Lagði hann til að fjárhagsáætlun yrði lögð fram eftir þinghlé, þegar búið væri að fjalla um hana í fjárhagsnefnd. Þessi breyting á dagskrá var samþykkt einróma.
7. Karl Gauti Hjaltason kom með tillögu um breytingu á dagskrá. Lagði hann til að frestað yrði að leggja fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram höfðu komið þar til eftir þinghlé er viðeigandi nefndir hafi fjallað um þær. Var það samþykkt einróma. Reglur þær sem lagðar voru fram voru um Tækja og útbreiðslusjóð, Útleigu á videóupptökuvél KAI og um Þjálfun í karatefélögum.

8. Engar tillögur eða önnur mál höfðu borist stjórninni. Eftirfarandi tillögum stjórnar var vísað til nefnda:

Tillaga nr. 1.

Ársþing Karatesambands Íslands samþykkir að KAI standi fyrir útgáfu á keppnisreglum WUKO strax eftir ársþingið. Þannig að þær verði til í aðgengilegu formi fyrir karateiðkendum.

Tillaga nr. 2.

Ársþing Karatesambands Íslands samþykkir að kjörin verði nefnd, sem hefur það að markmiði að gefa út blað a.m.k. einu sinni á ári, sem fjallar um karateíþróttina.

Tillaga nr. 3.

Ársþing Karatesambands Íslands samþykkir að festa kaup á tölvu fyrir KAI.

Tillaga nr. 4.

Ársþing Karatesambands Íslands samþykkir að KAI efni til deildarkeppni eftir áramótin og þá eftir þeim hugmyndum sem stjórn KAI hefur kynnt undanfarið.

Tillaga nr. 5.

Ársþing Karatesambands Íslands samþykkir að landsliðsnefnd KAI standi fyrir stofnun unglíngalandsliðs í karate í byrjun næsta árs.

Tillaga nr. 6.

Ársþing Karatesambands Íslands samþykkir að stefna að því að KAI greiði landsliðsþjálfara laun á næsta ári.

Tillaga nr. 7.

Ársþing Karatesambands Íslands samþykkir að ráðinn skuli starfsmaður á skrifstofu KAI í 2-3 mánuði á ári.

Öllum ofangreindum tillögum var vísað til nefnda til umfjöllunar.

- Þ I N G H L É -

9. Nefndarálit Fjárhagsnefndar:

Tillaga nr. 1 var samþykkt einróma af henni. Um tillögu nr. 3jú vildi nefndin sérstaklega fá að vita hvernig tölvan ætti að nýtast sambandinu. Tillaga nr. 6 var samþykkt en bent var á að Stjórn KAI og landsliðsþjálfari yrðu að koma sér saman um laun. Einnig gerði nefndin nokkrar athugasemdir við fjárhagsáætlun.

Nefndarálit Laga- og leikreglanefndar:

Nefndin lagði til að tillaga nr. 4ur yrði frestað þar sem fleiri mót myndu ekki bæta karate á landinu. Einnig væri aukið álag á keppnisfólk ekki æskilegt.

Nefndarálit Alsherjarnefndar:

Nefndin lagði til að tillögur nr. 5 og nr. 2 yrðu samþykktar. Einnig mælti nefndin með nýju orðalagi á tillögu nr. 3, svohljóðandi:

Árþing Karatesambands Íslands samþykkir að festa kaup á tölvu fyrir KAI, eftir atvikum með samvinnu við Siglinga- og Skotsambandið.

Nefndarálit Kjörnefndar:

Kjörnefnd fór yfir tillögur frá Stjórn KAI og mælti með Reinharði Reinharðssyni sem fjórða manni í stjórn KAI. Samþykkti hún síðan tillöguna þannig einróma.

Breytingartillaga barst við tillögu nr. 2. Hljóðaði hún svo:

Árþing Karatesambands Íslands samþykkir að kosin verði ritnefnd sem sjái um útgáfu dreifirits KAI sem kæmi út annan hvern mánuð auk Ársrits KAI.

Í ritnefndinni séu þrír nefndarmenn kœnir á árþingi KAI til eins árs í senn. Nefndin skipti með sér verkum.

Reinharð Reinharðsson
Einar Rafn Guðbrandsson

Tillögurnar voru nú bornar undir þingið.

Tillaga nr. 1 var samþykkt.

Breytingatillaga við tillögu nr. 2 var samþykkt.

Tillaga nr. 3 með áorðnum breytingum nefndar var samþykkt með 21 atkvæði gegn 20.

Tillaga nr. 4 var samþykkt.

Tillaga nr. 5 var samþykkt.

Tillaga nr. 6 var samþykkt einróma.

Tillaga nr. 7 var samþykkt með 20 atkvæðum gegn 7.

Þá var fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 1988 samþykkt með 19 atkvæðum gegn 4.

Reglur um Tækja- og útbreiðslusjóð voru bornar undir atkvæði og voru þær samþykktar einróma.

Frestað var atkvæðagreiðslu um reglur um Útleigu á videoupptökuvél KAI og um Þjálfun í karatefélögum.

10. Engin önnur mál komu á fram á þinginu.

11. Eftirtaldir voru kosnir í stjórn og nefndir:

Formaður:

Karl Gauti Hjaltason

Aðrir:

Stefán Alfreðsson

David Haralds

Reinharð Reinharðsson

Sylvía Gústafsdóttir

Varastjórn:

Gísli Pálsson

Einar Gröndal

Gylfi Skarphéðinsson

Endurskoðendur:

Einar Gröndal
Helgi Jóhannesson

Karatedómstóll:

Hannes Hilmarsson
Bjarni Ásgeirsson
Ævar Þorsteinsson

Til vara:

Árni Einarsson
Jónína Olesen
Kristín Einarsdóttir

Formaður Mótanefndar:

Sylvía Gústafsdóttir

Aðrir:

Kári Rafn Sigurjónsson
Erna Erlendsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Unnar Snær Bjarnason
Hannes Hilmarsson

Landsliðsnefnd:

Einar Þorvaldsson
Helgi Jóhannesson

Fræðslunefnd:

Stefán Alfreðsson
Gylfu Skarphéðinsson

Fjáröflunarnefnd:

Einar Gröndal
Elín Eva Grímsdóttir

Ritnefnd:

Reinharð Reinharðsson
Einar Gröndal
Helgi Leifsson

12. Val á karatemynd ársins stóð að þessu sinni á milli fjögurra mynda. Sú sem var kjörin sýnir Halldór Savarsson, KFR, sparka shoto-geri í Ágúst Österby, Selfossi.
13. Þingforseti þakkaði fundarmönnum fyrir komuna og sleit þinginu.

Gísli Pálsson
Þingritari